

**Ed. 560. Frumvarp til laga [188. mál]**

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

**1. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:  
Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum og frystum rækjum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 3.5% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3.5% gjald af fob-verði greiðist af frystum humar, óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi.

3. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.

4. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfámjöli, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.

5. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.

6. 10.0% gjald af fob-verði greiðist af saltsíld.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum, hertum sjávardýraolíum né heldur vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en  $\frac{1}{4}$  hluti útflutningsverðsins.

**2. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:  
Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. maí 1968:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur .....	76.90%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....	14.50%
3. Til Fiskimálasjóðs .....	4.98%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips .....	1.29%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins .....	0.99%
6. Til Landssambands isl. útvegsmanna .....	0.67%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur .....	0.67%

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 38 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi skv. 2. grein laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1968.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hið mikla verðfall á útflutningsafurðum landsmanna og aflabrestur á sildveiðum á síðastliðnu ári hafði að sjálfsögðu stórvægileg áhrif til samdráttar á tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en það fer að meirihluta eftir útflutningsverðmæti sildarafurða. Tekjur af útflutningsgjaldi námu 263.1 m.kr. árið 1965, 266.5 m.kr. árið 1966, en lækkuðu niður í um 172 m.kr. árið 1967 skv. bráðabirgðauppgjöri. Jafnframt þessum afturkipp í tekjum af útflutningsgjaldi hefur sá kostnaður, sem gjaldið fer til að greiða, stöðugt farið hækkandi. Meginhluti þess, um 73%, hefur gengið til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa. Nam hluti tryggingagjaldanna af áföllnum tekjum af útflutningsgjaldi 195.5 m.kr. árið 1966, en aðeins um 125 m.kr. árið 1967. En sömu ár námu útgjöldin 208.4 m.kr. og 220.7 m.kr. Varð halli tryggingasjóðs fiskiskipa þannig um 95 m.kr. á árinu 1967.

Pegar gengi krónunnar var fellt í nóvember s. l., stóðu vonir til þess, að nást mundi nægileg hækkun tekna af útflutningsgjaldi við þá hækkun, sem verða mundi á útflutningsverðmæti þeirra afurða, er bera verðmætisgjald, og við beinar hækkunir á gjaldi af þeim afurðum, er það þyldu. Alkunna er, að þessar vonir hafa að verulegu leyti brugðizt. Með óbreyttum gjaldaákvæðum má nú aðeins reikna með um 235 m.kr. tekjum af útflutningsgjaldi, og mundu koma í hlut tryggingasjóðs 171 m.kr. En jafnframt er áætlað, að útgjöld sjóðsins muni verða um 274 m.kr. Er þannig séð fram á svipaðan halla á rekstri tryggingasjóðsins árið 1968 eins og á síðast liðnu ári, eða um 103 m.kr. Verður því óhjákvæmilega að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að jafna hallann. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að ná 42 m.kr. tekjuaukningu til þess að mæta hallanum. Því, sem á vantar, 61 m.kr., verður hins vegar að reyna að ná með því að draga úr útgjöldum sjóðsins. Enda þótt það takist að fullu, en það liggur enn ekki ljóst fyrir, er sá vandi enn óleystur að jafna þann hluta hallans frá fyrra ári, er ekki fæst jafnaður með hlut tryggingasjóðs í gengishagnaði af útflutningsafurðum, sem áætlaður er 50—60 m.kr. Sá halli, er eftir stæði, mundi þá nema um 35—40 m.kr.

#### Um 1. gr.

Lagt er til, að útflutningsgjald verði hækkað á þrem tegundum afurða: óverk- uðum saltfiski, frystum humar og saltsild. Á hinn bóginn er lagt til, að útflutningsgjald af loðnuafurðum verði lækkað og til bráðabirgða fellt niður af framleiðslu yfirstandandi árs.

Saltfiskur hefur ekki orðið fyrir því verðfalli á erlendum mörkuðum, er var aðaltilefni gengisbreytingarinnar. Hefur gengisbreytingin því komið fram með því hlutfalli, er samsvarar þýðingu einstakra gjaldeyristegunda í sölunni, eða að meðaltali um 25%, um það bil. Veldur þessi aukning tekna í framhaldi af hagstæðri verðþróun því, að fært þykir að áætla, að verulegur hreinn hagnaður verði í saltfiskframleiðslunni. Má ætla, að sú hækkun á útflutningsgjaldi, sem hér er lögð til, muni aðeins nema litlum hluta þess hagnaðar.

Ekki hefur verið talið rétt að hækka gjald af þurrkuðum saltfiski, þar sem verkun hans ber sig illa, en reyna verður að verka þannig sem mest af því hráefni, sem annars færi í skreið. Svipuðu máli gegnir um saltfiskflök.

Áætlað er, að þessi hækkun muni leiða til um 8 m.kr. aukningar tekna af útflutningsgjaldi.

Frystur humar hefur heldur ekki orðið fyrir teljandi verðfalli, svo vitað sé. Að því er þá afurð snertir, er veiðitímabilið enn nokkuð framundan og hefur verð hráefnisins ekki verið ákveðið. Þegar útflutningsgjöldunum var síðast breytt árið 1966, var humarinn færður úr 4.2% verðmætisgjaldi í núgildandi magngjald, kr. 530 á tonn. Við það varð gjaldið mjög lágt miðað við verðmæti, eða um 0.3%. Með tilliti til hins mikla ávinnings af gengisbreytingunni, sem nú fellur á humar-

inn, er lagt til, að humarinn sé færður nú í 3.5% verðmætisgjald. Er áætlað, að það muni gefa um 6 m.kr. aukningu tekna af útflutningsgjaldi.

Saltsild breyttist lítið í verði á síðasta ári. Hins vegar varð reksturinn þá til muna örðugri en áður hafði verið. Í undirbúningi eru ráðstafanir til að snúast við þeim vanda. Enda þótt tekið sé tillit til þessara atriða, er útlit fyrir verulegan hagnað sildarsöltunar af völdum gengisbreytingarinnar að óbreyttu hráefnisverði og útflutningsgjaldi. Er lagt til, að nokkuð af þessum ávinningi verði látið ganga til hækkunar útflutningsgjalds. Verði gjald af saltsild fært upp fyrir gjald af bræðslusildarafurðum, upp í 10%. Áætluð aukning tekna af þessari hækkun er um 28 m.kr.

Loðnumjöl og loðnulýsi eru afurðir, sem reynslan sýnir, að hafa mjög lítið gjaldþol, og hefur því verið sótt fast eftir eftirgjöf gjalds af þeim ár og ár í senn. Lagt er til, að þessar afurðir séu færðar í þann gjaldflokk, sem lægstur er með tilliti til meðalverðs þessara afurða, þ. e. 3.5% verðmætisgjald. eru þá meiri líkur en annars á, að talið verði fært að framfylgja gjaldaákvæðunum.

Hertar sjávardýraolíur. Verðmætisaukning við herzlu sjávardýraolíu mun nema allt að 50% miðað við fob-verð hráefnis. Útflutningsgjald af þessari framleiðslu hlýtur að draga úr áhuga fyrir því, að verðmæti vörunnar sé aukið hér innanlands. Telja framleiðendur þessa framleiðslu algjörlega ósamkeppnishæfa á hinum alþjóðlega markaði, þyrfti hún að bera útflutningsgjald. Samkvæmt óskum Félags íslenskra iðnrekenda er lagt til, að útflutningsgjald af hertum sjávardýraolíum sé fellt niður, svo sem gert er um niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir. Framleiðendur greiða iðnlánasjóðsgjald.

#### Um 2. gr.

Þær hækkanir, sem hér er um fjallað, eru lagðar til vegna hins alvarlega greiðsluhalla tryggingasjóðs fiskiskipa. Verður að koma því sem næst allri aukningu teknanna til skila til þess aðila. Hefur hlutfall hinna einstöku aðila að útflutningsgjaldinu verið endurreiknað til þess að ná þeirri niðurstöðu.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Á síðastliðnu ári var svo komið af völdum verðfalls loðnuafurðanna, að verðmæti þeirra nægði ekki fyrir algeru lágmarki breytilegs kostnaðar við veiðar og vinnslu loðnunnar, er metin var sem kr. 1.00 á hvert kíló hráefnis. Til þess að gera kleift að nýta loðnuna var gripið til þess ráðs að fella niður útflutningsgjald af loðnuafurðum, 6% af fob-verðmæti. Á þessu ári er afurðaverð enn lægra en það var fyrir ári. Gera áhrif gengisbreytingarinnar á afurðaverðið ekki betur en að vega upp þessa lækkun ásamt hækkun á flutnings- og útskipunar-kostnaði við afurðirnar. Að fengnum þessum upplýsingum telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að fella niður útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi.